# Lausar stöður við Bláskógaskóla Laugarvatni

Hefur þú áhuga á að koma að kennslu í litlum samreknum leik- og grunnskóla skóla úti á landi? Við erum staðsett um klukkustund frá höfuðborgarsvæðinu og það er hálftíma keyrsla á Selfoss. Nemendur í skólanum eru 75 á leik- og grunnskólastigi. Það eru áhugaverðar stöður í boði og ef þú hefur áhuga þá endilega sendu okkur línu eða hafðu samband símleiðis:

- **Deildarstjóri í leikskóladeild 100% staða**
- **Leikskólakennari 100% staða**

Hér í skólanum er starfið í stöðugri þróun og hefur skólinn markað sér sérstöðu í útikennslu. Þar sem skólinn er samrekinn leik- og grunnskóli hefur samfellan á milli skólastiga verið góð og markviss. Stuðst er við fjölbreytta kennsluhætti og lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám. Skólinn er grænfánaskóli og leggur áherslu á umhverfismennt.

Kennarar og starfsfólk vinnur í teymum á báðum skólastigum og leggjum við ríka áherslu á góða samvinnu allra sem að skólasamfélaginu koma.



**Hæfniskröfur:**

- Kennsluréttindi á leikskólastigi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Jákvæðni og áhugi fyrir margbreytilegu starfi
- Lausnamiðun í starfi er mikilvægur eiginleiki
- Sjálfstæð og skipulögð vinnubrögð
- Gleði og samstarfsvilji skipta miklu máli

**Störfin henta jafnt körlum sem konum.**

Ef ekki fæst kennari með kennsluréttindi á viðkomandi skólastigi verður litið til reynslu og meðmæla úr fyrri starfi/störfum. Nánari upplýsingar veitir Elfa Birkisdóttir skólastjóri í síma: 480-3030 eða í gegnum tölvupóst elfa@blaskogaskoli.is. Umsóknarfrestur er til 15.desember 2018.